


VMST-N/0208

**Rannsóknir á seiðastofnum í
Fremri Laxá í Húnaþingi árið 2001**

**Bjarni Jónsson
Eik Elfarsdóttir**

Norðurlandsdeild

Júní 2002



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

Inngangur og aðferðir

Gerð var athugun á seiðastofnum í Fremri Laxá í ágúst 2001. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu í ánni. Einnig er í skýrslunni farið yfir úrvinnslu úr veiðibókum. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna Fremri Laxár.

Ástand seiðastofna í Laxá var kannað með rafveiðum. Í ágúst 2001 var rafveitt á 3 stöðum í Fremri Laxá; fyrir neðan stíflu í Svínavatni (staður 1), um 500m fyrir öfan brú (staður 2b) en þar hefur verið veitt tvö undanfarin ár og svo nokkru neðar í ánni (staður 3). Stærð rafveiðistaða var á bilinu 330 m² – 360 m² en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að sjónarmiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap árinna.

Veiðin 2001

Laxar sem veiddust í Fremri Laxá og Laxá á Ásum voru 571 sumarið 2001, 9 í Fremri Laxá og 562 fyrir neðan Laxárvatn (tafla 1). Af skráðum löxum í Fremri Laxá voru 7 smálaxar og 2 stórlaxar. Einungis voru kyngreindir tveir laxar, tvær smálaxahrygnur. 86% (tafla 1). Fyrsti laxinn á vatnasvæðinu veiddist 10. júní fyrir neðan Laxárvatn en sá síðasti þann 11. september í Fremri Laxá. Veiðitímabil og þyngdardreifing laxa er sýnd á myndum 2 og 3.

56 bleikjur veiddust sumarið 2001 í Laxá. Flestar bleikjurnar veiddust í Fremri Laxá og allar í júní og fyrri hluta júlí (tafla 2, myndir 2 og 3).

Urriðar veiddust alls 3299 og veiddust þeir nær allir í Fremri Laxá, 3278 stykki (tafla 2). Flestir urriðanna voru 0,5 kg. en þeir stærstu sem veiddust voru 3 kg (mynd 3). Urriðarnir veiddust aðallega í júní og júlí en einnig veiddist nokkuð um miðbik ágúst (mynd 2).

Í gegnum teljara við Laxárvatn fóru 64 laxar. Þar af voru 39 smálaxar og 25 stórlaxar. Silungar voru taldir 335.

Niðurstöður rafveiða

Fremri Laxá

Fyrir neðan stíflu við Svínavatn (staður 1; mynd 1) veiddust þriggja ára laxaseiði (3+) (tafla 3; mynd 4). Engin laxaseiði fundust á þessum stað sumarið 2000 (Bjarni Jónsson, VMST-N/01003) en einn árgangur, tveggja ára laxaseiði árið 1999 (Bjarni Jónsson, VMST-N/00003). Tveir árgangar af urriðaseiðum veiddust á þessum kafla sumarið 2001, vorgömul (0+) og eins árs (1+) seiði, þéttleiki þeirra var þó ekki mikill (tafla 4; mynd 5). Engin bleikjuseiði fundust í Fremri Laxá.

Í beygju í ánni, um 500m ofan við brú yfir Fremri Laxá er staður 2b (mynd 1), fyrst var veitt á þessum stað sumarið 1999. Mikið var af vorgömlum laxaseiðum (0+) en einnig fundust eins árs (1+), tveggja ára (2+) og þriggja ára seiði (tafla 3; mynd 4). Sumarið 2000 veiddust þarna vorgömul, árs gömul, tveggja ára og fjögurra ára seiði en þéttleiki þeirra var ekki eins mikill það ár (Bjarni Jónsson, VMST-N/01003). Þau þrjú ár sem rafveitt hefur verið á þessum nýja stað hefur ávallt veiðst mikið af laxaseiðum. Vorgömul urriðaseiði voru einnig í töluverðum þéttleika á þessum rafveiðistað 2001 (tafla 4; mynd 5) eins og fyrri ár. Einnig veiddust árs gömul urriðaseiði (tafla 4; mynd 5) en ekki varð vart við aðra árganga. Tveggja ára urriðaseiði fundust á þessum stað bæði árin 1999 og 2000 (Bjarni Jónsson, VMST-N/00003; Bjarni Jónsson, VMST-N/01003).

Á stað 3 (mynd 1) í Fremri Laxá veiddust aðeins eins árs og tveggja ára laxaseiði (tafla 3; mynd 4) en árin 1999 og 2000 veiddust þar einnig vorgömul laxaseiði (Bjarni Jónsson, VMST-N/00003; Bjarni Jónsson, VMST-N/01003). Tveir árgangar urriðaseiða fundust á þessum stað sumarið 2001, vorgömul og eins árs seiði og voru þau vorgömlu í miklum þéttleika (tafla 4; mynd 5). Á kaflanum fundust þrír árgangar urriðaseiða; vorgömul, eins-, og tveggja ára, árin 1999 og 2000 (Bjarni Jónsson, VMST-N/00003; Bjarni Jónsson, VMST-N/01003).

Umræða

Útbreiðsla lax er almennt góð í Fremri Laxá og veiddust laxaseiði á öllum athugunarstöðunum í talsverðu magni nema á efsta staðnum fyrir neðan Svínavatn. Á efsta kaflanum voru þrjú ára laxaseiði og gætu þau hafa gengið upp á þetta svæði af köflum neðar í ánni. Þarna veiddust einnig tveir árgangar urriðaseiða, þar með talið vorgömul seiði sem bendir til þess að skilyrði hafi verið í lagi í ánni fyrir klak úr hrygningu haustið 2000 (sem kæmu fram sem vorgömul seiði vorið 2001). Lítið hefur veiðst af seiðum á þessum stað undanfarin ár og ekkert árið 2000 (Bjarni Jónsson, VMST-N/01003). Líklegt er að þau seiði sem þarna hafa veiðst hafi komið af neðri svæðum í ánni. Veitt var í þriðja skipti á stað 2b árið 2001 og var þéttleiki laxaseiða þar mun meiri en árið áður og voru vorgömul seiði mest áberandi. Á neðsta veiðistað í Fremri Laxá var þéttleiki eins og tveggja ára seiða nokkuð meiri en síðustu ár en vorgömul seiði vantaði alveg, þau gætu þó átt eftir að skila sér.

Klak úr hrygningu urriða haustið 2000 virðist hafa tekist nokkuð vel því þéttleiki vorgamalla urriðaseiða í Fremri Laxá var frekar mikill. Einnig var talsvert af eins árs seiðum. Fremri Laxá er ein af skemmtilegri urriðaveiðiám landsins og mikilvægt að huga að urriðanum ekki síður en laxinum.

Það er umhugsunarefni að ekki skuli hafa veiðst fleiri laxar en 9 í Fremri Laxá þar sem samkvæmt teljara við Laxárvatn gengu 64 laxar upp fyrir stiga við Laxárvatnsstíflu. Ekki virðist ástæða til neinna sérstakra aðgerða eins og seiðasleppinga eða hrognagrafrar til að bæta seiðabúskap árinna. Rétt er hins vegar að fylgjast með veiðisókninni á laxinn ef tryggja á áframhaldandi hrygningu sem víðast í Fremri Laxá.

Tafla 1: Fjöldi veiddra og sleptra laxa eftir kyni í Laxá á Ásum og Fremri Laxá 2001.

		Hængar	Hrygnur	Okyngreint	Samtals
Laxá á Ásum	Veiði	265	265	32	562
	Sleppt	8	9	1	18
	Afli	257	256	31	544
<hr/>					
Fremri Laxá	Veiði	0	2	7	9
	Sleppt	0	0	0	0
	Afli	0	2	7	9
<hr/>					
Samtals	Veiði	265	267	39	571
	Sleppt	8	9	1	18
	Afli	257	258	38	553

Tafla 2: Fjöldi veiddra og sleptra urriða og bleikju í Laxá á Ásum og Fremri Laxá árið 2001.


		Bleikja	Urriði
Laxá á Ásum	Veiði	3	21
	Sleppt	1	5
	Afli	2	16
<hr/>			
Fremri Laxá	Veiði	53	3278
	Sleppt	0	223
	Afli	53	3055
<hr/>			
Samtals	Veiði	56	3299
	Sleppt	1	228
	Afli	55	3071

Tafla 3: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fremri Laxá í ágúst 2001.


Staður nr.	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1	30x12m				0,28	
Staður 2b	33x10m	9,70	0,91	0,91	0,30	
Staður 3	25x14m		2,00	1,14		

Tafla 4: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fremri Laxá í ágúst 2001.




Staður nr.	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1	30x12m	0,28	1,11			
Staður 2b	33x10m	14,85	1,82			
Staður 3	25x14m	17,43	0,86			






mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.






Mynd 2: Vikuleg lax-, bleikju- og urriðaveiði í Fremri Laxá árið 2001.



Mynd 3: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Fremri Laxá sumarið 2001.



Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fremri Laxá í ágúst 2001.



Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fremri Laxá í ágúst 2001.